

Landmótun ehf  
Óskar Örn Gunnarsson  
Hamraborg 12 5h  
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. maí 2014  
Tilvísun: UST20140500184/bs

### Tálknafjörður - Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, Norður-Botn. Umsögn

Vísað er til bréfs Landmótunar ehf. dags. 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps. Um er að ræða í fyrsta lagi nýtt efnistökusvæði á Hálfdáni. Í öðru lagi fjögur ný iðnaðarsvæði, eitt fyrir smávirkjun í Keldá, 2 borholur og fiskeldi. Í þriðja lagi stækkan á iðnaðarsvæði I3 í Norður-Botni þar sem gert er ráð fyrir fiskeldi. Áætluð ársframleiðsla er 400 tonn, en fiskeldi þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar er tilkynningarskyld skv. lögum nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða viðbót við mannvirki sem þegar eru til staðar í Norður-Botni. Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Umhverfisstofnun vill benda á að skv. 4. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi með síðari breytingum skal senda umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi samtímis til Matvælastofnunar, sem sér um að senda umsókn um starfsleyfi til leyfisveitanda.

Umhverfisstofnun telur rétt eins og fram kemur í umhverfisskýrslu að helstu áhrif fiskeldis verði sjónræn áhrif og möguleg áhrif á lífríki vegna fráveitu fiskeldi.

Fjöldi borhola er til staðar nærrí núverandi fiskeldi þannig að hér verður um viðbót við þess konar mannvirki að ræða. Holurnar verða staðsettar í nágrenni vega.

Áhrif efnistöku á Hálfdáni eru að verulegu leyti háðar frágangi svæðisins og umgengni þar sem efnistaka mun standi yfir um nokkuð langan tíma eins og tit er um slitlagsnámur Vegagerðarinnar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur